

EBAK - Félag eldri borgara á Akureyri

6. stjórnarfundur EBAK 31. okt. 2018.

Mættir: Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Garðar Lárusson og Birgir Björn Svavarsson.
Fjarverandi: Haukur Halldórsson formaður, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir, Egill Jónsson og Kolbrún Kristjánsdóttir.

- 1. Fundarsetning.** Halldór Gunnarsson varaformaður setti fund og stjórnaði honum.
- 2. Fundargerðir** stjórnar EBAK nr. 4 frá 5. sept. og nr. 5. frá 24. sept. 2018 samþykktar.
- 3. Skráning** í dagbók í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd. Garðar var 26. sept. Þá gerðust 3 einstaklingar nýir félagar og tveir til viðbótar hringdu til að fá upplýsingar um hvernig á að sækja um aðild að félaginu gegnum netið. Einn kom til að fá aðstoð við upplýsingaleit á netinu. Margrét var 3. okt. Enginn kom þá og enginn hringdi. Þann 10. okt. var Halldór og þá gengu 3 í félagið. 17. okt. var enginn í viðveru en Dögg hringdi í Dóru og þær afgreiddu einhverja fyrirspurn. Þann 24. okt. var Halldór og 1 kom, fékk 2 eyðublöð fyrir sig og konuna. Halldór ræddi við Lindu og hún mun framvegis hringja í þá sem eiga viðveru.

Viðvera á skrifstofu ákveðin næstu 4 miðvikudaga.

31. okt. Dóra; 7. nóv. Margrét; 14. nóv. Garðar; 21. nóv. Hallgrímur; 28. nóv. Birgir.

- 4. Tímasetning** næsta stjórnarfundar EBAK ákveðin **21. nóvember** kl. 13 og annar stjórnarfundur í desember. Fundur **FKR 19. nóv.**

5. Umfjöllun um verkefni milli stjórnarfunda.

Halldór sagði frá fundi öldungaráðs 9. okt. sl. þar sem samþykkt var að Sigríður Stefánsdóttir yrði varaformaður ráðsins. Fulltrúar EBAK í öldungaráði lögðu fram tillögur um markvissa heilsuefningu eldri borgara á Akureyri, gjaldfrjálsan aðgang þeirra í sundlaugar Akureyrar og samantekt á upplýsingum um gjaldskrár fyrir þjónustu við þá á svæðinu. Sjá fundargerð öldungaráðs á heimasíðu Akureyrarbæjar.

6. Fundargerð aðalfundar 2018 afgreidd.

- 7. Notendaráð félagsmiðstöðvanna í Bugðusíðu og Víðilundi.** Samkvæmt samningnum við Akureyrarbæ á stjórn EBAK að skipa 2 aðalfulltrúa og 1 varafultrúa í ráðið. Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir og Hulda Eggertsdóttir eru aðalfulltrúar stjórnar EBAK núna í notendaráði og Egill Jónsson varamaður.

Halldór og Hallgrímur lögðu fram til umræðu drög að starfslýsingu/samþykktum fyrir notendaráð ásamt greinargerð, þar sem m.a. er lagt til að stofnaður verði 5 manna starfshópur til að koma ákveðnum vinnuferlum í gang, skilgreina hlutverk ráðsins og skýra starfsvettvang þess.

Stjórn EBAK leggur áherslu á þetta mál. FKR verði falið að boða Bergljótu á fund og ræða málið til að fylgja því eftir.

- 8. Afgreiðsla skjala** sem Hallgrímur og Halldór leggja fram.

Afgreiðslu skjalanna var frestað sl. vor. Skjölín eru þessi:

- a) Gátlisti fyrir aðalfund, - samþykktur
- b) Listi yfir grunngögn í möppum stjórnarmanna, - samþykktur með smá orðalags breytingum.
- c) Listi yfir grunngögn í möppum formanna nefnda, klúbba og ráða, - samþykktur.
- d) Listi yfir gögn sem geymast skulu á skrifstofu EBAK, - samþykktur að viðbættu félagatali félagsins.

- e) Reglur um ritun og skil fundargerða stjórnar, - samþykktar með viðbót um að fundarstjóri ásamt ritara beri ávallt ábyrgð á ritun og skilum fundargerða.
- f) Viðvera stjórnarmanna á skrifstofu EBAK í viðtalstímum, skráning og skipulag, - samþykkt með smá lagfæringum.

9. Reglur um skráningu viðburða og fjölda gesta í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu.

Margrét sagði frá yfirliti sem Grétar G. Ingvarsson vann úr gögnum yfir daglega talningu frá Lindu og Dögg yfir þátttakendur í félagsstarfinu í Bugðusíðu 17. - 28. sept. sl. Alls komu 491 þessar 2 vikur.

Rætt var um að skráningin fælist bæði í dagbók og exelskjali. Hallgrími ásamt Grétari falið að gera tillögu að skráningarformi í excel sem lögð yrði fram á stjórnarfundi sem fyrst.

10. Húsnæðismál félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu. Stjórn EBAK hefur skipað 3 manna nefnd til að annast viðræður við Akureyrarbæ um breytingar og/eða stækkun húsnæðis félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu 1, sbr. ályktun aðalfundar félagsins frá 26. mars 2018. Nefndina skipa Hákon Hákonarson, formaður, Helga Jónsdóttur og Birgir B Svavarsson.

Haukur og Halldór áttu fund með nefndinni þann 26. október sl. Á fundinum var rætt um þörf á breytingum á húsnæði félagsmiðstöðvarinnar m.a. stækkun salarins o.fl. Þá var farið í vettvangskoðun um húsnæðið.

Í framhaldi af fundinum sendi félagið bréf til bæjarstjórnar Akureyrar til að fylgja eftir ályktun aðalfundar frá 26. mars 2018.

11. Endurskoðun samnings EBAK og Akureyrarbæjar um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu. Framlag Akureyrarbæjar þarf að endurskoða til hækkunar til að standa undir kostnaði við starfsmannahald EBAK í Bugðusíðu. Sbr. bókun stjórnarfundar EBAK frá 11. des. 2017. FKR falið að vinna áfram að endurskoðun samningsins við Akureyrarbæ.

12. Staðan á fyrirhuguðu námskeiðahaldi á vegum stjórnar EBAK. Skriðsundsnámskeið, dansnámskeið, matreiðslunámskeið, enskunámskeið, leiðsögn í billjard og leiðsögn á snjallsíma og spjaldtölvur.

Halldór átti fund 19. okt. sl. með Ingibjörgu Ísaksen um skriðsundsnámskeið. Unnið er að undirbúningi námskeiðsins m.a. er búið að fá kennara.

Dansnámskeið byrjar 7. nóv. nk., alls 5 skipti 90 mín. hver tími. Þegar hafa skráð sig 16 manns, en skráningu lýkur 4. nóv. nk.

Matreiðslunámskeið EBAK og VMA. Verð og fyrirkomulag er ekki endanlega frágengið. Garðar vinnur áfram í málinu.

Margrét hafði samband við Bergljótu vegna enskunámskeiðs. Hún vísaði á fræðslunefnd EBAK og taldi ekki eftirspurn eftir slíku námskeiði.

13. Opinn fundur Búfesti og EBAK 22. nóv. nk. kl.16:30 í Bugðusíðu 1. Búfesti semur texta að auglýsingu og Halldór vinnur með þeim í því að koma auglýsingu í Dagskrána.

14. Samráðsfundur stjórnar EBAK og öldungaráðs á haustönn 2018. Ákveðið að taka tíma á næsta stjórnarfundi í samráð með öldungaráðsfulltrúum EBAK.

15. Símanúmer eitt eða tvö í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu? Skoða þarf gæði nettenginga, kostnað o.fl. Frestað.

16. Samstarf EBAK, Akureyrarbæjar, Háskólans á Akureyri og öldungaráðs um könnun.

Halldór lagði fram eftirfarandi ályktun til umræðu um gerð og framkvæmd könnunar meðal 60 ára+ á Akureyri. Ályktunin var samþykkt samhljóða.

Ályktun

Á stjórnarfundum EBAK 31. október 2018 var eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða.

Stjórn Félags eldri borgara á Akureyri telur mikilvægt að á árinu 2019 verði gerð vönduð og ýtarleg könnun á líðan, kjörum og viðhorfum eldri borgara á Akureyri, m.a. til þjónustu bæjarins, þjónustu ríkisins og annarra aðila sem fara með málefni þessa aldurshóps. Þá þarf könnunin ekki síst að upplýsa viðhorf eldri borgara til þess félags- og tómstundastarfs sem stendur þeim til boða í bæjarfélaginu í dag. Könnunin verði gerð á vegum Akureyrarbæjar í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Félag eldri borgara á Akureyri og öldungaráð bæjarins. Skipaður verði 8 manna starfshópur sem vinni að framangreindu verkefni. Starfshópurinn verði þannig skipaður: frá Akureyrarbæ 2 fulltrúar, frá Háskólanum á Akureyri 2 fulltrúar, frá EBAK 2 fulltrúar og frá öldungaráði 2 fulltrúar.

Starfshópurinn skili helstu niðurstöðum á opnum fundi í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu fyrir lok maí 2019.

Fundurinn felur framkvæmdaráði stjórnar EBAK að ræða við Akureyrarbæ og Háskólann á Akureyri um þá hugmynd sem felst í ályktun fundarins og óska eftir samstarfi þessara aðila ásamt EBAK og öldungaráði bæjarins. Þá þarf m.a. að tryggja fjármagn til verkefnisins við gerð fjárhagsáætlunar bæjarins fyrir árið 2019.

17. Önnur mál.

- a) Samþykkt að styrkja starfsstúlkur okkar í Bugðusíðu, þær Lindu Hrönn Sigfúsdóttur og Sunnu Dögg Tavsén, vegna starfskynningarferðar þeirra þann 2. nóv. nk. í félagsmiðstöðvar eldri borgara á Reykjavíkursvæðinu um samanlagt kr. 50.000.
- b) Afsláttarbók LEB 2019. Garðar hefur safnað saman upplýsingum m.a. úr gömlu afsláttarbókinni og er að setja þær á tölvutækt form. Hyggst setja þær á heimasíðuna. Margrét hefur safnað upplýsingum um ódýra matarstaði þar sem hægt er að kaupa 10 miða kort. Afsláttarbókin kemur út á næsta ári. Á næsta fundi þarf að skipa nefnd til að vinna í þessu máli.
- c) Pálínukaffi – undirbúningur og dagskrá. Tónlistarfólkið kemur annan hvern mánudag. Þeirra framlag er mjög dýrmætt og við þurfum að styðja það. Linda er að vinna í dagskrá á þeim mánudögum sem tónlistarfólkið kemur ekki.
- d) Skýrsla frá Jónasi um gönguklúbbinn. Þar kom fram að alls fóru 240 manns í þessar 12 göngur. Garðar og Hallgrímur upplýstu að 90 manns komu samanlagt í göngurnar sem þeir sáu um í september.
- e) Skipulag skrifstofu, möppur og gagnavarsla – verki lokið fyrir 1. des. 2018.

Margrét Pétursdóttir

ritari EBAK